

Þróun vatnalaga og hlutverk Orkustofnunar

Ársfundur Orkustofnunar 31. mars 2011

Kristinn Einarsson

Meðal elstu gildandi laga

- Vatnalög nr. 15/1923 voru sett í kjölfar langvarandi deilna á grundvelli tillagna fossanefndar er starfaði 1917-19
- Jákvæð skilgreining eignarréttinda:
“Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila” (2.gr. laga nr.15/1923)
- Ýmis önnur ákvæði vatnalaga eru nú komin í sérlög, svo sem raforkulög og auðlindalög

Breytingum frestað ítrekað

- Með lögum nr. 20/2006 var innleidd neikvæð skilgreining eignarréttinda og notað um þau hugtakið eignarréttur. Þó tekið fram að um sé að ræða formbreytingu en ekki efnislega breytingu á inntaki eignarráða
- Gildissvið víkkað og tekur til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði eða neðanjarðar, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um
- Ekki ætlað að vera heildarlöggjöf um vatn
- Gildistöku laganna hefur ítrekað verið frestað

Vatnalaganefnd I 2008

- Skipuð í jan. 2008 til að skoða samræmi laga nr. 20/2006 við önnur lagaákvæði er varða vatn og vatnsréttindi. Tillögur í sept. 2008 í fjórum liðum:
 1. Orðalagi 4. gr. verði breytt svo að ekki verði um að ræða breytingu á inntaki réttinda landeigenda
 2. Markmiðsákvæði verði breytt og tekið mið af bæði hagsmunum landeigenda og almennings
 3. Stjórnarsýsluákvæði verði skýrari og taki betur mið af ólíkum hagsmunum
 4. Frestun á gildistöku laga nr. 20/2006 meðan endurskoðun stendur yfir

Vatnalaganefnd II 2009

- Skipuð í ág. 2009 til að fullvinna frumvarp til nýrra vatnalaga. Tillögur kynntar nokkrum hagsmunaaðilum og fagstofnunum. Skilaði frumvarpi til iðnaðarráðherra 1. des. 2009
- Unnið á grundvelli tillagna vatnalaganefndar I og ákvæða stjórnarsáttmála, þar sem segir m.a.:
“Vatnatilskipun ESB verði innleidd og aðlöguð íslenskum aðstæðum með því að lokið verði við frumvarp til nýrra vatnalaga, sem tryggji verndun og sjálfbæra nýtingu ferskvatns og skilgreini aðgang að vatni sem grundvallarmannréttindi”

Tvö aðskilin frumvörp til laga

- Frumvarp vatnalaganefndar II gerði ráð fyrir forræði bæði iðnaðar- og umhverfisráðherra, sem þó var aðskilið í einstökum greinum frumvarpsins
- Ágreiningur varð um sameiginlegt forræði og múrar milli ráðuneyta reyndust að lokum ókleifir svo úr urðu tvö aðskilin frumvörp
 - um stjórn vatnamála hjá umhverfisráðuneyti, sem innleiðir tilskipanir ESB um vatnamál allt að einni sjómílu utan grunnlínu efnahagslögsögunnar
 - um ný vatnalög hjá iðnaðarráðuneyti, sem snýr eingöngu að yfirborðsvatni á landi

Fyrirliggjandi frv. til vatnalaga

- Horfið frá því að breyta jákvæðri skilgreiningu vatnalaga á eignarréttindum tengdum vatni
- Horfið að sinni frá heildstæðri vatnalöggjöf. Gerir það m.a. aðkallandi að endurskoða auðlindalögin
- Gildissvið takmarkað við yfirborðsvatn – og þó fjallar frumvarpið m.a. um vatnsveitur...
- Stjórnsýsla endurskoðuð og í meginatriðum falin Orkustofnun
- Matsmannakerfið afnumið, eignarnám í þess stað

Aukið hlutverk Orkustofnunar

- Háð leyfi Orkustofnunar:
 - Rask á hverum, laugum og ölkeldum
 - Aðskilnaður vatnsréttinda til heimilis- og búsparfa
 - Vatnsmiðlun yfir 1000 m² að flatarmáli. Skylt að leggja fram gögn um undirlag, gerð og frágang fyrirhugaðrar stíflu
 - Breytingar á vatnsfarvegum til að verjast landbroti eða árennsli vatns
 - Niðurlagning og stöðvun á viðhaldi mannvirkja
- Tilkynningarskylt til Orkustofnunar:
 - Allar framkvæmdir sem tengjast vatni og vatnafari